

## **Fjölmiðlar, kynjajafnrétti og þöggun 18. nov. 2015**

Þegar óð á utanríkisráðherra Íslendinga um kúgun karla á konum, reyndi ég að senda honum opið bréf í fjölmiðlum, þ.e. Morgunblaðinu og Kjarnanum, í því skyni að benda honum á nokkrar kunnar staðreyndir um "jafnrétti" kynjanna. Bréfinu var hafnað, þar sem ég færi með óviðeigandi (neikvæðar) alhæfingar um konur. Þetta minnir mig á "bann" umræðunnar um fóstureyðingar og forsjármál hérna um árið. Fátt virðist breytast í þessum eignum. Bendi á hjálagðan fyrirlestur Stefan Molyneux. Hann segir raunar allt sem segja þarf í bili. Mæli sérstaklega með þessum fyrirlestri handa öfgafullum kvenfrelsurum, enda þótt vart sé við því að búast, að hugur þeirra sé opinn fyrir staðreyndum og skynsemi nú fremur en áður. Þeir trúá barasta eins og góðra trúmanna er siður. <https://www.youtube.com/watch?v=8o0euhM6bjg>